

TIL: Bæjarráð Garðabæjar

DAGS: 04.10.16

ÚTI

INNI

A R K I T E K T A R

BALDUR Ó. SVAVARSSON ARKITEKT FAÍ
JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON ARKITEKT FAÍ

ÞINGHOLTSSTRÆTI 27 101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 7660 & 562 7660 FAX 552 7661
E-mail ui@ui.is WWW.ui.is

fyrirspurn

VARÐAR: Hrísholt 11 (Fastanúmer 207-0670 Landnr.: 118827)

Eignin að Hrísholti 11 er upphaflega hannað af teiknistofunni Arko og samþykkt í páverandi byggingarnefnd Garðabæjar þann 14.04.82. Húsið er tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð og bílgeymslu og er skráð sem ein eign alls 421,6 m² að stærð - sjá meðfylgjandi teikningar.

Efri hæð er aðalíbúðarhæð og bílgeymsla. Neðri hæðin er tvískipt. Annars vegar að hluta geymsla og fjölskyldurými fyrir efri hæð. Hins vegar og að mestu séríbúð með sérinngangi. Innra skipulag hefur verið óbreytt frá því húsið var hannað og samþykkt árið 1982. Bílastæði á lóð og umferð vegna þessarar íbúðar er því óbreytt í götunni þar sem viðkomandi íbúð hefur ávallt verið til staðar.

Sótt erum leyfi til að skipta núverandi eign skv. núverandi fyrirkomulagi í tvo sjálfstæða eignahluta, þ.a. aukaíbúðin á neðri hæðinni verði sjálfstæð eign.

Fordæmi fyrir skiptingu sem þessari má þegar finna í hverfinu. Nægir þar að nefna Eskiholt 23 sem dæmi, en þar eru skráðar tvær séreignir. Flest húsanna í Hnoðraholtinu þ.e. Eskiholt, Hrísholt og Háholt eru með aukaíbúð, enda yfirleitt um mjög stórar eignir að ræða. Stærð eigna, breytt fjölskyldumynstur (færri pr. íbúð) og almennur skortur á minni séreignaíbúðum styður við umsókn sem þessa.



Með kveðjum,
f.h. eigenda og Úti og Inni sf.

Baldur Ó. Svavarsson arkitekt FAÍ FSSA

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026